

Landsframleiðsla 2006 – bráðabirgðatölur

Gross Domestic Product 2006 – preliminary data

Samantekt

Landsframleiðsla jókst að raungildi um 4,2% samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar yfir þjóðhagsreikninga á árinu 2006. Í áætlun frá því í mars síðastliðnum var talið að hagvöxtur á árinu 2006 hafi orðið 2,6%. Aukinn hagvöxt frá fyrri áætlunum má fyrst og fremst rekja til meiri fjárfestingar og samneyslu á árinu 2006 en áætlanir í mars bentu til en á móti vegur aukinn innflutningur. Hagvöxtur á árinu 2005 er nú talinn hafa verið 7,1% eða nánast sá sami og áður var talið.

Vöxt landsframleiðslunnar á liðnu ári má, líkt og undanfarin þrjú ár, öðru fremur rekja til aukinnar fjárfestingar, sem jókst um 19,8% og einkaneyslu sem jókst um 4,4% en á móti vegur aukinn innflutningur, sem jókst um 10,1%. Á sama tíma minnkaði útflutningur um 5,1% og leiddi þessi þróun, ásamt 87 milljarða halla á launa- og eignatekjum frá útlöndum, til viðskiptahalla sem nam 296 milljörðum króna eða 25,5% af landsframleiðslu, og hefur hann aldrei verið meiri. Árið áður nam hallinn 164 milljörðum króna eða 16% af landsframleiðslu.

Enda þótt viðskiptakjör hafi batnað frá fyrra ári olli hallinn á viðskiptajöfnuði því að þjóðartekjur á árinu 2006 jukust mun minna en landsframleiðslan eða um 1,2% samanborið við 7,9% vöxt árið áður.

Einkaneysla sem hlutfall af landsframleiðslu varð 59% á liðnu ári sem er örlítið lægra en árið áður. Í sögulegu samhengi er þetta hlutfall hátt því undanfarin tíu ár hefur það aðeins þrisvar verið hærra. Samneyslan sem hlutfall af landsframleiðslu var 24,5% eða svipuð og undanfarin tvö ár.

Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu var 33,4% á liðnu ári og hefur ekki verið hærra frá árinu 1975. Sambærilegt hlutfall fyrir OECD-ríkin í heild hefur verið um eða undir 20% undanfarinn aldarfjórðung og fá dæmi eru um álíka hátt fjárfestingarhlutfall í einstökum ríkjum OECD.

Hagvöxtur 4,2% á árinu 2006

Hagstofan birtir nú bráðabirgðatölur yfir þjóðhagsreikninga á árinu 2006 og koma þær í stað áætlana frá því í mars síðastliðnum. Bráðabirgðatölurnar sýna að landsframleiðsla á liðnu ári er talin hafa numið 1.163 milljörðum króna en það er um 139 milljörðum eða 13,6% hærrí fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðslan að raungildi um 4,2%. Bráðabirgðatölurnar nú sýna meiri hagvöxt á árinu 2006 en áætlunin frá því í mars síðastliðnum, en þá var talið að hagvöxtur á árinu 2006 hafi orðið 2,6%. Breytingin skýrist einkum af meiri fjárfestingu og samneyslu en reiknað var með í mars en einnig er útflutningur lítið eitt meiri. Á móti vegur að innflutningur er nokkru meiri og einkaneysla lítið eitt minni en áður var talið.




Hagvöxtur 7,1% á árinu 2005

Samhliða þessum bráðabirgðatölum hafa niðurstöður um hagvöxt fyrri ára breyst lítillega frá því síðustu tölur voru birtar. Þessar breytingar má einkum rekja til þess að nú liggja fyrir fyllri heimildir en áður auk þess sem smávægilegar aðferðafræðilegar breytingar hafa verið gerðar á samneyslu. Hagvöxtur á árinu 2005 er nú talinn hafa verið 7,1% í stað 7,2% eins og tölur í mars sýndu.

Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu

Figure 1. GDP growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og 2006. Preliminary data 2005 and 2006.

Minni vöxtur þjóðartekna

Við mat á afkomu þjóðarbúsins eru þjóðartekjur ekki síður áhugaverð stærð en landsframleiðsla, en þar er tekið tillit til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og til launa- og eignatekna til og frá útlöndum (að stærstum hluta vaxta- og arðgreiðslur). Á árinu 2006 bötnuðu viðskiptakjör nokkuð eða um 1,0% af landsframleiðslu fyrra árs. Verð á útfluttum vörum og þjónustu hækkaði um 21,4% í íslenskum krónum en verð á innfluttum vörum og þjónustu hækkaði nokkru minna eða um 17,4%. Þessi mikla hækkun skýrist að hluta af lækkun gengis íslensku krónunnar um 11,7% frá fyrra ári.

Laun- og fjármagnsgjöld til útlanda jukust mun meira en nam aukningu launa- og fjármagnstekna frá útlöndum og þrátt fyrir jákvæða þróun viðskiptakjara er niðurstaðan sú að þjóðartekjur jukust mun minna en nam vexti landsframleiðslu eða um 1,2%. Í áætlun frá því í mars síðastliðnum var gert ráð fyrir að þjóðartekjur hefðu dregist saman um 1,7%. Þessi breyting skýrist af hærri landsframleiðslu og tæplega 12 milljörðum meiri fjármagnstekjum, nettó, frá útlöndum en áætlanir í mars gáfu til kynna.


Á árinu 2005 var framvindan á annan veg; minna nettó streymi launa- og eignatekna til útlanda og ívið betri viðskiptakjör en árið áður leiddu til þess að þjóðartekjur jukust um 7,9% en landsframleiðsla um 7,1%.

Fjárfesting og einkaneysla bera uppi hagvöxtinn

Vöxt landsframleiðslunnar á liðnu ári má, líkt og undanfarin þrjú ár, öðru fremur rekja til aukinnar einkaneyslu og fjárfestingar en á móti vegur aukinn innflutningur, langt umfram aukningu á útflutningi. Að þessu leyti svipar þróuninni til ársins 1998 en til samanburðar var hagvöxtur á árinu 2001 aftur á móti drifinn áfram af miklum vexti útflutnings.

Mynd 2. Magnvísitala landsframleiðslu og þjóðartekna

Figure 2. GDP and GNI, volume indices




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og 2006. Preliminary data 2005 and 2006.

Einkaneysla eykst um 4,4%

Á árinu 2006 jókst einkaneysla um 4,4% að raungildi og kom sú aukning í kjölfar 13,0% vaxtar á árinu 2005 og rúmlega 6% vaxtar bæði 2003 og 2004. Aftur á móti dróst einkaneyslan saman næstu tvö ár þar á undan, um 1,5% á árinu 2002 og 2,8% á árinu 2001.

Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contribution to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og 2006. Preliminary data 2005 and 2006.


Til langs tíma litið hefur vöxtur einkaneyslu að mestu haldist í hendur við vöxt landsframleiðslu, þó með nokkrum undantekningum, það er á árunum 1998 og 1999, 2003 og sérstaklega 2005. Á árinu 2006 var einkaneysla 78% meiri en hún var á árinu 1990 en á sama tíma hefur landsframleiðsla vaxið um 65%. Mannfjöldinn óx á sama tíma um rúmlega 19%. Einkaneysla á mann hefur því aukist um 49% en landsframleiðsla um 38%.

Einkaneysla 59% af landsframleiðslu

Hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu reyndist vera 59% árið 2006. Í sögulegu samhengi er þetta hlutfall nokkuð hátt og undanfarinn tíu ár hefur það aðeins þrisvar verið hærra. Í töflu 3 er sýnd samsetning einkaneyslu eftir útgjaldaflökkum undanfarin fjögur ár og árin 1990 og 1995.

Mynd 4. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu

Figure 4. Private final consumption and GDP, volume indices



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og 2006. Preliminary data 2005 and 2006.

Einkaneysla er flokkuð í 12 aðalflokka samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi COICOP (Classification of Individual Consumption by Purpose). Í töflunni kemur fram hve vægi mat- og drykkjarvöru hefur minnkað í útgjöldum heimilanna. Það var 23,7% á árinu 1990 en er nú komið niður í 14,8%. Þá hefur vægi fatnaðar minnkað um nærri helming. Á móti kemur að vægi útgjalda til samgangna og fjar-skipta hafa aukist um nærri 40% og útgjöld Íslendinga erlendis um tæp 50%.

Samneysla eykst um 3,9%

Samneysla jókst um 3,9% á liðnu ári sem er nokkru meiri aukning en á árinu 2005 þegar aukningin nam 3,5%. Í áætlun frá því í mars síðastliðnum var gert ráð fyrir að samneysla hefði aukist um 2,9%. Þessi breyting skýrist að stærstum hluta af því að samneysla sveitarfélaga varð mun meiri en þær áætlanir sem þá lágu fyrir gáfu til kynna.

Samneysla 24,5% af landsframleiðslu

Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneyslan 24,5% eða svipuð og undanfarin tvö ár en nokkru lægri en 2002 og 2003. Í sögulegu samhengi hefur þetta hlutfall verið hærra undanfarin fimm ár en nokkru sinni. Endanlegt uppgjör fjármála hins opinbera fyrir árið 2006 verður birt í Hagtíðindum, *Fjármál hins opinbera 2006*, þann 27. september 2007.


Áfram mikill vöxtur í fjárfestingu

Fjárfesting jókst á síðasta ári um 19,8% og er það mikil aukning fjórða árið í röð. Nú er áætlað að fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu verði 33,4% og leita þarf aftur til ársins 1975 til að finna viðlíka hlutfall. Á árinu 2005 var þetta hlutfall 28,2%. Sambærilegt hlutfall fyrir OECD-ríkin í heild hefur verið um eða undir 20% undanfarinn aldarfjórðung og fá dæmi eru um álíka hátt fjárfestingarhlutfall í einstökum ríkjum OECD.

Hægt hefur á vexti atvinnuvegafjárfestingar en hún jókst um 20% á árinu 2006 samanborið við 57,5% vöxt á árinu áður. Á árinu 2006, eins og undanfarin ár, skýrist vöxtur í fjárfestingu einkum af miklum fjárfestingum í stóriðju- og orkuverum en við bætist mikil fjárfesting í flugrekstri vegna flugvélaþaupa. Áfram var mikill vöxtur í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði en hún jókst um 17,6% í fyrra. Fjárfesting hins opinbera jókst einnig eða um 22,3% á árinu 2006 samanborið við 17,5% samdrátt árið 2005.

Mynd 5. Magnvísitala fjármunamyndunar og helstu undirliða

Figure 5. Gross fixed capital formation, volume indices by main components




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og 2006. Preliminary data 2005 and 2006.

Í áætlun frá því í mars síðastliðnum var gert ráð fyrir að fjárfesting hefði aukist um 13% borið saman við 19,8% nú. Aukningin skýrist af meiri fjárfestingu í stóriðju- og orkuverum en gert var ráð fyrir og meiri flugvélaþaupum, en upplýsingar um þau kaup lágu ekki fyrir í mars. Einnig er fjárfesting hins opinbera mun meiri en þær áætlanir sem lágu fyrir í mars gáfu til kynna.

Mynd 6. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu

Figure 6. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og 2006. Preliminary data 2005 and 2006.

Þjóðarútgjöld aukast langt umfram landsframleiðslu

Þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, jukust um 9,2% að raungildi á liðnu ári. Þetta er mun minni vöxtur en á árinu 2005, en þá jukust þau um 15,4%. Aukningu þjóðarútgjalda á árinu 2006 var að verulegum hluta mætt með aukningu innflutnings, sem óx um 10,1%. Aftur á móti dróst útflutningur saman um 5,1% og í heild óx landsframleiðslan um 4,2% eins og áður segir.

Undanfarin fjögur ár hafa þjóðarútgjöld aukist mun meira en landsframleiðsla, um 47% á móti 23% vexti landsframleiðslu.


Hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu

Hér að ofan er landsframleiðsla metin út frá ráðstöfunarhlið, með því að meta útgjöld þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. Framleiðsla er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 7 eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 2001–2006 en þar kemur fram hlutur einstakra atvinnugreina í myndun landsframleiðslunnar. Í töflu 6 eru sýndar magnvísitölur framleiðslunnar í sömu skiptingu á atvinnugreinar. Þar kemur meðal annars fram að á síðastliðnum tveimur árum hefur verið mestur vöxtur í byggingarstarfsemi.

Tölur þessar eru byggðar á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til ársins 2004, bráðabirgðatölum fyrir árið 2005 og áætlun fyrir árið 2006.

Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu

Figure 7. The share of labour and capital in GDP



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og áætlun fyrir árið 2006. Preliminary figures 2005 and estimated figures 2006.

Hlutur vinnuafis og fjármagns

Framleiðsla í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölu þess sem launþegar bera úr bótum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2006 er talið að í hlut launþega hafi komið um 71% af því sem til skipta var en fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr bótum um 29%. Launahlutfall á árinu 2006 hefur því hækkað nokkuð frá því sem það var á árinu 2005, þegar það var tæplega 70%, og í sögulegu samhengi hefur þetta hlutfall verið hátt undanfarin ár. Launafjárhæð á árinu 2006 er áætluð með hliðsjón af breytingu á launum samkvæmt staðgreiðsluskrá en jafnframt er tekið mið af hækkun launavísitölu og fjölda starfandi samkvæmt vinnumarkaðskönnun. Launafjárhæðir fyrri ára eru fengnar úr framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til 2004 og bráðabirgðaniðurstöðum þess uppgjörs 2005 en framreikningi fyrir árið 2006.


Hagvöxtur meiri á Íslandi en í OECD ríkjum árið 2006

Hagvöxtur í OECD ríkjunum í heild á liðnu ári er talinn hafa verið 3,2% samanborið við 4,2% vöxt hér á landi. Á tímabilinu 1996–2006 hefur hagvöxtur hér á landi aðeins einu sinni verið lægri en í OECD ríkjum en það var á árinu 2002 þegar hann dróst saman um 0,1% samanborið við 1,6% vöxt hjá OECD ríkjunum í heild.

Miklar sveiflur hafa einkennt hagþróun á Íslandi og framan af tíunda áratugnum var vöxtur hér á landi til muna lægri en í OECD ríkjum í heild. Ef litið er yfir allt tímabilið 1990–2006 þá reyndist árlegur meðalvöxtur á Íslandi 3,2% en 2,5% í OECD ríkjunum í heild.

Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD ríkjunum

Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og 2006. Preliminary data 2005 and 2006.

Ítarlegra talnaefni á netinu

Auk þess talnaefnis sem hér birtist í Hagtíðindum, má vísa til ítarlegs talnaefnis á heimasíðu Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaráðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga.

Breytingar eldri talna

Eins og fram hefur komið hér að framan taka tölur um samneyslu einhverjum breytingum aftur til ársins 1998. Einnig eru smávægilegar breytingar á einkaneyslu aftur til ársins 2003 og fjárfestingu til 2001. Árið 2000 er viðmiðunarár í öllu talnaefni sem birt er á föstu verðlagi og því veldur breyting á því ári að fyrri ár breytast einnig, þótt hlutfallstölur taki ekki breytingum af þeim sökum.

Næsta endurskoðun í mars 2008

Þær tölur um árið 2006 sem hér birtast verða næst endurskoðaðar í mars 2008 og munu þá verða birtar samhliða fyrstu áætlunum fyrir árið 2007. Ekki er fyrirhuguð nein meiriháttar endurskoðun á eldri gögnum við þá birtingu.

English summary

4.2% growth in GDP in 2006,
7.1% in 2005

The preliminary annual national accounts for 2006 show a rate of growth of Gross Domestic Product (GDP) of 4.2% in real terms in 2006. In the provisional data from March 2007 the growth was estimated to have been 2.6%. The upward revision is mainly explained by a higher gross fixed capital formation and government final consumption in 2006 than was estimated in March. In 2005 GDP grew at a rate of 7.1%, almost unchanged from previous figure.

The growth in GDP during last year can mainly be explained by 4.4% growth in household final consumption and 19.8% growth in fixed capital formation. This was partly offset by a growth in imports, which increased by 10.1% in real terms. At the same time exports declined by 5.1%. This together with a deficit of 87 billion ISK in primary income from abroad, resulted in a deficit on current account of 296 billion ISK, 25.5% of GDP. In 2005 the balance on current account was negative by 164 billion ISK, 16% of GDP.

The share of gross fixed capital formation was 33.4% of GDP in 2006, higher than ever since 1975. A comparable figure for the OECD total has been around 20% during the last quarter of century and for individual countries there are only a few examples of such a high share.

In spite of some improvements in terms of trade, a considerable growth in net outflow of primary income led to a lower growth in Gross National Income (GNI) than in GDP in 2006, or 1.2% after 7.9% growth in the year before.

In 2006 the share of household final consumption in GDP was 59%, slightly less than in the previous year. Government final consumption amounted to 24.5% of GDP, a similar share as in the previous two years.

Final figures for General government finances for 2006 will be published in Statistical series *General government finances 2006*, on 27th September 2007.

The next revision of national accounts data will be released in March 2008 together with provisional data for 2007. No major revisions of previous years are planned for that release.

Tafla 1. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 2001–2006Table 1. *Gross Domestic Product and Gross National Income 2001–2006*

Milljónir króna á verðlagi hvers árs <i>Million ISK at current prices</i>	2001	2002	2003	2004	2005 ¹	2006 ¹
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	434.009	448.100	481.755	530.462	610.560	685.639
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	181.828	207.195	219.292	233.108	252.729	285.371
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	166.225	148.659	167.845	219.029	288.360	387.993
4. Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	-2.084	-182	-1.453	-918	-862	13.498
5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	779.977	803.773	867.439	981.681	1.150.787	1.372.500
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	299.492	305.607	288.552	316.903	324.450	373.997
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	196.582	204.303	182.580	202.373	194.934	243.461
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	102.910	101.304	105.972	114.530	129.516	130.536
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	307.642	293.084	314.514	369.208	451.710	583.567
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	202.518	190.221	198.480	238.920	288.034	400.005
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	105.124	102.863	116.034	130.288	163.676	183.562
8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i>	771.827	816.296	841.477	929.376	1.023.526	1.162.930
9. Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Primary incomes received from abroad</i>	-24.256	-1.327	-13.187	-37.744	-36.605	-86.713
10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i>	747.571	814.969	828.290	891.632	986.921	1.076.217
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga <i>Balance on current account</i>	-32.406	11.196	-39.149	-90.049	-163.866	-296.283
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob <i>Balance on goods</i>	-5.936	14.082	-15.900	-36.547	-93.100	-156.544
11.2 Þjónustujöfnuður fob/fob <i>Balance on services</i>	-2.214	-1.559	-10.062	-15.758	-34.161	-53.026
11.3 Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Balance on primary income from abroad</i>	-24.256	-1.327	-13.187	-37.744	-36.605	-86.713

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.***Tafla 2. Raunbreyting landsframleiðslu og þjóðartekna 2001–2006**Table 2. *Volume changes in Gross Domestic Product and Gross National Income 2001–2006*

Raunbreyting frá fyrra ári, % ¹ <i>Volume changes on previous year, %¹</i>	2001	2002	2003	2004	2005 ²	2006 ²
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	-2,8	-1,5	6,2	6,9	13,0	4,4
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	4,6	5,3	1,8	2,2	3,5	3,9
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	-4,3	-14,0	11,1	28,5	33,9	19,8
5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	-2,1	-2,3	5,8	9,9	15,4	9,2
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	7,4	3,8	1,6	8,4	7,2	-5,1
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	7,2	6,6	-1,2	9,2	-0,1	-1,5
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	7,7	-1,7	7,2	7,1	20,2	-10,5
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	-9,1	-2,5	10,7	14,4	29,4	10,1
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	-10,0	-3,4	7,3	15,8	25,2	16,9
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	-7,3	-0,9	17,2	12,1	37,1	-2,0
8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i>	3,9	0,1	2,4	7,7	7,1	4,2
10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i>	2,9	4,2	-0,6	4,6	7,9	1,2

¹ Raunbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegum keðjutengingum. *Volume changes are based on annual chain linking.*² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Einkaneysla 1990–2006

Table 3. Household final consumption expenditure 1990–2006

	1990	1995	2003	2004	2005 ¹	2006 ¹
Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices						
Matur, drykkjarvara og tóbak <i>Food, beverages and tobacco</i>	50.843	55.116	82.858	86.968	89.117	97.985
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	16.926	17.969	22.497	23.585	25.641	28.494
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	38.016	44.625	85.118	94.970	113.738	132.527
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	15.920	17.841	28.903	31.604	36.718	39.268
Heilbrigðisþjónusta <i>Medical care and health expenses</i>	4.421	6.889	14.832	16.027	16.703	17.718
Samgöngur og póstur og sími <i>Transport and communication</i>	29.032	33.539	81.171	94.249	114.746	123.383
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	25.010	35.661	62.610	67.363	74.138	78.692
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	13.736	18.367	37.990	39.932	44.106	49.699
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	13.027	17.323	30.742	33.494	38.446	45.481
Einkaneysla innanlands alls						
Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market	206.931	247.329	446.720	488.192	553.353	613.246
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	17.129	18.940	41.510	49.965	62.638	78.350
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-9.140	-12.246	-24.708	-26.811	-26.157	-29.567
Einkaneysla heimila alls						
Household Final Consumption Exp. of Resident Households	214.920	254.023	463.522	511.346	589.834	662.029
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	7.175	9.267	18.232	19.116	20.726	23.610
Einkaneysla alls Final Consumption Expenditure	222.095	263.290	481.755	530.462	610.560	685.639
Hlutfallsleg skipting, % Percentage breakdown						
Matur, drykkjarvara og tóbak <i>Food, beverages and tobacco</i>	23,7	21,7	17,9	17,0	15,1	14,8
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	7,9	7,1	4,9	4,6	4,3	4,3
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	17,7	17,6	18,4	18,6	19,3	20,0
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	7,4	7,0	6,2	6,2	6,2	5,9
Heilbrigðisþjónusta <i>Medical care and health expenses</i>	2,1	2,7	3,2	3,1	2,8	2,7
Samgöngur og póstur og sími <i>Transport and communication</i>	13,5	13,2	17,5	18,4	19,5	18,6
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	11,6	14,0	13,5	13,2	12,6	11,9
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	6,4	7,2	8,2	7,8	7,5	7,5
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	6,1	6,8	6,6	6,6	6,5	6,9
Einkaneysla innanlands alls						
Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market	96,3	97,4	96,4	95,5	93,8	92,6
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	8,0	7,5	9,0	9,8	10,6	11,8
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-4,3	-4,8	-5,3	-5,2	-4,4	-4,5
Einkaneysla heimila alls						
Household Final Consumption Exp. of Resident Households	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	3,3	3,6	3,9	3,7	3,5	3,6
Einkaneysla alls Final Consumption Expenditure	103,3	103,6	103,9	103,7	103,5	103,6

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 4. Fjármunamyndun 2004–2006
 Table 4. Gross fixed capital formation 2004–2006

	Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices			Magnbreyting frá fyrra ári, % ¹ Volume changes on previous year, per cent ¹		
	2004	2005 ²	2006 ³	2004	2005 ²	2006 ³
Fjármunamyndun alls <i>Gross fixed capital formation, total</i>	219.029	288.360	387.993	28,5	33,9	19,8
Atvinnuvegir alls <i>Business sector investment</i>	130.987	198.312	270.965	34,6	57,1	20,0
Landbúnaður og skógrækt <i>Agriculture and forestry</i>	3.702	5.041	6.185	-27,9	39,8	8,3
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	4.868	2.155	2.690	329,8	-50,3	8,7
Matvælavinnsla <i>Manufacture of food products and beverages</i>	3.251	2.773	3.661	-48,4	-7,3	13,4
Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	7.595	46.668	63.301	651,5	574,4	13,9
Annar iðnaður <i>Other manufacturing</i>	1.897	6.493	9.068	-60,2	252,6	23,4
Rafvirkjanir, raf-, hita- og vatnsveitur <i>Production and distribution of electricity and water</i>	34.850	50.058	72.309	24,1	45,0	30,3
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	9.917	10.699	11.636	15,9	12,5	-5,1
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	7.309	8.389	9.677	278,5	17,1	3,1
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	2.520	4.137	4.735	-7,4	64,2	3,7
Flugsamgöngur <i>Air transport</i>	5.162	4.110	25.698	32,7	-14,1	419,1
Flutningar, ferðaskrifstofur o.þ.h. <i>Travel agencies and tour operators n.e.c.</i>	7.279	7.519	8.434	103,5	0,8	4,4
Samgöngur <i>Transport</i>	1.693	2.111	2.523	47,6	35,9	1,1
Fjaraskiptaþjónusta <i>Telecommunications</i>	4.478	5.893	3.414	48,0	43,3	-50,3
Fjármálaþjón., váttryggingar og önnur fjármálastarfsemi <i>Financial intermediation and insurance</i>	3.928	3.819	7.479	40,8	6,5	75,6
Fasteignaviðskipti <i>Real estate activities</i>	17.011	16.274	16.948	25,2	-8,8	-2,8
Ýmis leigustarfsemi og tölvuþjónusta <i>Computer and related activities</i>	2.435	2.141	1.769	48,1	-4,9	-29,6
Rannsóknir og þróunarstarf <i>Research and development</i>	564	-321	-390	-157,8	-135,9	34,6
Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities</i>	3.603	10.220	10.785	318,0	178,5	-2,8
Annað <i>Other n.e.c.</i>	8.924	10.132	11.041	12,8	17,9	-3,6
Íbúðarhús, alls <i>Residential construction</i>	50.583	58.396	75.160	14,1	11,9	17,8
Starfsemi hins opinbera <i>Public works and buildings</i>	37.460	31.652	41.868	28,9	-17,5	22,3
Vegir og brýr <i>Roads and bridges</i>	10.609	8.060	9.463	-0,2	-27,6	9,4
Götur og holræsi <i>Streets and sewers</i>	7.450	7.418	10.852	76,4	-5,1	36,4
Byggingar hins opinbera <i>Public buildings</i>	14.369	10.727	16.793	72,3	-29,1	46,5
Önnur fjárfesting hins opinbera <i>Other public investment</i>	5.032	5.447	4.760	-11,8	18,5	-25,7
Atvinnuvegir alls, tegundaskipting <i>Business sector investment, type of assets</i>	130.987	198.312	270.965	33,8	57,5	13,8
Fólksbifreiðar <i>Motor vehicles for industrial use</i>	3.631	3.644	4.064	64,2	1,2	4,2
Skip og skipsbúnaður, flugvélar ofl. <i>Ships, aircrafts and pertaining equipments</i>	10.060	7.086	26.197	158,2	-22,5	207,3
Verksmiðju-, iðnaðarvélar og tæki <i>Manufacturing machinery and equipments</i>	6.770	5.214	8.847	14,2	-15,4	43,3
Skrifst.áhöld og tæki <i>Office machinery and computers</i>	14.773	20.911	18.547	3,5	54,9	-24,4
Vélar og tæki til jarðvegsvinnu og mannvirkjagerðar <i>Mach. tools for quarrying and construction</i>	17.087	63.385	84.715	68,2	307,0	12,2
Mannvirki <i>Construction</i>	74.688	94.247	124.164	33,5	23,8	20,8
þ.a. byggingar <i>thereof buildings</i>	38.619	36.897	49.308	34,3	-9,3	25,1
Annað <i>Other n.e.c.</i>	3.979	3.826	4.431	-21,5	-8,0	8,7

¹ Magnbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegri keðjutengingu. *Volume changes are based on annual chain linking.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

³ Áætlun. *Estimated figures.*

Tafla 5. Skipting landsframleiðslunnar á framleiðsluþætti 2001–2006

Table 5. Cost components of Gross Domestic Product 2001–2006

Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices	2001	2002	2003	2004	2005 ¹	2006 ²
1. Verg landsframleiðsla Gross Domestic Product	771.827	816.296	841.477	929.376	1.023.526	1.162.930
2. Vörutengdir skattar Taxes on products	102.141	109.087	118.721	140.222	167.532	190.344
3. Vörutengdir styrkir Subsidies on products	9.072	9.259	9.296	9.193	9.492	10.298
4. Vinnsluvirði á grunnverði (4.=1.-2.+3.)						
Valus added, basic prices (4.=1.-2.+3.)	678.758	716.468	732.052	798.348	865.486	982.884
5. Aðrir skattar á framleiðslu Other taxes on production	21.140	20.839	22.371	25.832	28.501	36.284
6. Aðrir styrkir á framleiðslu Other subsidies on production	4.906	5.616	6.659	7.797	11.227	9.959
7. Vergar þáttatekjur (7.=4.-5.+6.-10.)						
Gross factor income (7.=4.-5.+6.-10.)	662.524	701.245	716.341	780.313	848.212	956.559
8. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	416.812	452.366	474.699	514.832	590.041	680.317
9. Vergur rekstrarafgangur (9.=7.-8.)						
Operating surplus, gross (9.=7.-8.)	245.712	248.880	241.642	265.481	258.172	276.242
9.1 Bókfærðar afskriftir						
Consumption of fixed capital (business acc.)	116.865	124.096	129.612	139.435	153.672	...
9.2 Hreinn rekstrarafgangur Operating surplus, net	128.846	124.783	112.030	123.379	104.499	...

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.² Áætlun. Estimated figures.**Tafla 6. Magnvísitölur atvinnuvega og landsframleiðslunnar í heild 2001–2006**

Table 6. Gross Domestic Product by industries 2001–2006, volume indices

Magnvísitölur, 2000=100 Volume indices, 2000=100	2001	2002	2003	2004	2005 ¹	2006 ²
Landbúnaður Agriculture	103,7	107,7	110,1	112,6	124,0	125,3
Fiskveiðar Fishing	101,0	103,3	99,2	103,5	101,2	95,8
Námugr. og vinnsla hráefna úr jörðu Mining and quarrying	105,5	80,2	99,4	102,9	98,3	121,2
Iðnaður Manufacturing	105,6	104,3	105,7	111,8	109,6	118,0
Þar af: Fiskvinnsla There of: Fish processing	112,4	113,2	109,5	119,1	112,6	...
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur Electricity and water supply	100,5	107,3	107,3	109,9	114,9	117,3
Byggingarstarfsemi Construction	102,8	88,8	99,6	114,5	138,8	151,4
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta						
Wholesale and retail trade; repair of household goods	104,0	101,4	110,6	118,3	137,6	141,6
Hótel og veitingahúsarekstur Hotels and restaurants	103,4	101,2	112,3	123,2	140,2	158,8
Samgöngur og flutningar						
Transport, storage and communication	103,0	99,6	106,9	122,0	131,5	136,0
Fjármálaþj., lífeyrissj., váttryggingar, fasteignavískipti o.fl.						
Financial, real-estate, renting and business activities	106,6	108,2	113,0	125,5	136,2	145,1
Önnur þjónusta Other private services	105,9	107,2	107,6	108,9	113,5	117,6
Allar atvinnugreinar Total industries	104,6	103,9	107,6	115,3	123,8	129,8
Breyting frá fyrra ári, %						
Percentage change from previous year, %	4,6	-0,7	3,6	7,1	7,4	4,9
Til samanburðar: Breyting skv. útgjaldauppgjöri, %						
Memorandum: Change according to expenditure approach, %	3,9	0,1	2,4	7,7	7,1	4,2

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.² Áætlun. Estimated figures.

Tafla 7. Hlutfallsleg skipting landsframleiðslu eftir atvinnuvegum 2001–2006Table 7. *Gross Domestic Product by industries 2001–2006, percentage breakdown*

Hlutfallsleg skipting, % <i>Percentage breakdown</i>	2001	2002	2003	2004	2005 ¹	2006 ²
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	1,5	1,6	1,6	1,5	1,4	1,3
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	7,6	7,7	6,3	5,4	4,7	4,6
Námugr. og vinnsla hráefna úr jörðu <i>Mining and quarrying</i>	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	15,6	13,5	12,9	12,5	10,0	10,8
Þar af: Fiskvinnsla <i>There of: Fish processing</i>	4,5	2,9	2,6	2,3	1,3	...
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur <i>Electricity and water supply</i>	3,7	3,5	3,4	3,4	3,4	3,4
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	7,6	7,2	7,4	8,4	9,4	10,3
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair of household goods</i>	9,8	10,3	10,1	10,7	11,0	10,6
Hótel og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	1,7	1,7	1,7	1,6	1,5	1,5
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication</i>	8,2	8,6	8,0	7,6	6,1	5,9
Fjármálaþj., lífeyrissj., váttryggingar, fasteignaviskipty o.fl. <i>Financial, real-estate, renting and business activities</i>	20,4	21,2	22,9	23,9	26,6	26,6
Önnur þjónusta <i>Other private services</i>	23,6	24,7	25,5	24,8	25,9	24,9
Allar atvinnugreinar <i>Total industries</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*² Áætlun. *Estimated figures.*

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

92. árgangur nr. 54 2007:8

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Stefán Þór Jansen • stefan.jansen@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series